

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 20.6.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson (JV), Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ),

2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi mál síðasta verkfundar
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. Farið yfir útistandandi mál síðasta verkfundar. HK pantar endahulsur. Endanleg niðurröðun notenda í brunna fyrir áfanga 4 liggur fyrir þar sem jarðvinnu er svo gott sem lokið. GD sendir tengimyndir og uppfærðar teikningar.
- 3.2. Áfangi 4. Eftir er að setja skáp sem bættist við, að öðru leiti er jarðvinnu lokið í áfanganum. Blástur á strengjum og tengingar eru hafnar, lokið er að tengja stofnstreng í tengimiðjunni.
- 3.3. Farið var yfir næsta áfanga sem er merktur 1a og nær frá Flúðum um Miðfellshverfið að Hólakoti.
- 3.4. Farið var yfir dagskýrsluform. HÚ óskaði eftir að haldið yrði utan um magn á lagningu leiðslu samhliða/uppvið aðrar lagnir, þ.e. lagnir sem ekki er hægt að setja út með són, einkum hitaveitulagnir. Ákveðið að bæta við lið 1.3.7 í dagskýrslu vegna þessa. Merking lagnaleiða var rætt. Ákveðið að verktaki og eftirlitsaðili sammælist um hvar skynsamlegt er að settar verði stikur skv. lið 1.5.1 útboðsgagna.
- 3.5. Tvær stærðir af tengitunnur voru afgreiddar frá birgja. Stærri gerðin er rangt afgreidd. GD falið að kanna málið og útvega rétta stærð.
- 3.6. Endanlega niðurstöðu frá eigendum um 20 tengistaða liggur ekki fyrir. Ákveðið að leggja áherslu á að niðurstaða um þátttöku liggir fyrir eigi síðar en 25. Júní.
- 3.7. Umræða um útgáfustýringu á teikningum og ákveðið að dagsetning á teikningum réði því hvaða teikning væri í gildi til að takmarka sem kostur er að unnið sé skv. úreltum teikningum.
- 3.8. Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. GD senda tengimyndir og uppfærðar teikningar fyrir áfanga 4.
- 4.2. HK pantar endahulsur á 20mm og 14mm rör.
- 4.3. GD bæta við lið 1.3.7. B og C í dagskýrsluform.
- 4.4. GD panta merkihæla.
- 4.5. GD útvega stærri tengitunnur (sjá lið 3.5)
- 4.6.